

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	<b>Áfangaheiti (SÁLF2SP05) fjarnám</b> <b>Námsáætlun (Vorönn 2018)</b>
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Síða 1 af 3		

<b>Kennari</b>	Kristjana Pálsdóttir ( <a href="mailto:kristjana@vma.is">kristjana@vma.is</a> ).	<b>Sk.st.</b>	KPÁ
----------------	--	---------------	-----

### Áfangalýsing:

Þroskasálfræði er ein elsta undirgrein sálfræðinnar og snýst rannsóknarsvið hennar um þroskaferil mannsins í víðum skilningi, allt frá getnaði til grafar. Í áfanganum verður sjónum sérstaklega beint að þróun greinarinnar, algengustu rannsóknaraðferðum hennar ásamt því að álitamál líkt og tengsl umhverfis og erfða í þroskaferlinu verða krufin. Sérstök áhersla verður lögð á þau þroskaferli sem eiga sér stað á tímabilinu frá getnaði til loka unglingsára. Má þar meðal annars nefna líkams og hreyfilþroska, greind, máltöku, áhrif félagsmótunar og geðtengsl.

Að auki verður fjallað um þroska-, náms- og geðraskanir barna og unglinga. Ásamt því að rýnt verður í fordóma, álitamál og úrræði á því sviði. Áhersla verður lögð á að nemendur styrki sig í sjálfstæðum vinnubrögðun, öðlist þjálfun í að greina viðfangsefni út frá kenningum þroskasálfræðinnar, ásamt rökræðu og gagnrýnni hugsun.

### Markmið:

#### Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Þroska mannsins samkvæmt skilgreiningu sálfræðinnar
- Helstu kenningum, hugtökum og kennismiðum þroskasálfræðinnar
- Framlagi þroskasálfræðinnar til vísinda og samfélags

#### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Beita almennum og sértækum vinnubrögðum og aðferðum til þess að miðla þekkingu sinni.
- Beita gagnrýnni hugsun við mat á textum, kenningum og hugmyndum
- Greina upplýsingar og setja í fræðilegt samhengi
- Taka þátt í umræðu um álitamál á gagnrýna en uppbyggilegan hátt

#### Nemandi skal geta hagnýtt sé þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér:

- Nýtt sér fræðilegan texta á hagnýtan hátt
- Skilja þroskaferil manneskjunnar og þannig nýtt sér fræðin í leik og starfi
- Skilja eðli þroskahamlana, geðraskana og námsörðugleika barna og hvernig leita skuli viðeigandi úrræða.

### Námsgögn:

Þroskasálfræði – Lengi býr að fyrstu gerð.

Höfundur: Aldís Unnur Guðmundsdóttir

Útgefandi: Mál og menning, 2013.

ATH. Endurprentun frá 2016 er í góðu lagi að nota.

Ýmis gögn frá kennara, aðgengilega á Innu kennsluvef.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	<b>Áfangaheiti (SÁLF2SP05) fjarnám</b> <b>Námsáætlun (Vorönn 2018)</b>
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3		

### Áætlun um yfirferð:

Vika	Dagsetning	Kafli	Umfjöllun	Verkefnaskil/námsmat
4	22. - 28. janúar	1-2	Kynning á áfanga og þroskasálfræði, þróun og rannsóknaraðferðum.	
5	29. jan -4. febrúar	3	Líkams og fósturproski	Verkefni 1 - skila 29. febrúar
6	5. febrúar - 11. febrúar	3	Líkams og fósturproski	Verkefni 2 - skila 5. febrúar
7	12. - 18. febrúar	4	Greind og vitsmunir	Verkefni 3 - skila 12. febrúar
8	19. - 25. febrúar	4	Greind og vitsmunir	Verkefni 4 - skila 19. febrúar
9	26. feb - 4. mars	5	Nám og námsörðugleikar	Verkefni 5 - skila 26. febrúar
10	5. - 11. mars	6	Mál og máltaka	Verkefni 6 - skila 5. mars
11	12. - 18. mars	6	Mál og máltaka	Verkefni 7 - skila 12. mars
12	19. - 25. mars	7	Félagsmótun og áhrif foreldra	Verkefni 8 - skila 19. mars Verkefni 9 - skila 25. mars
13	26. mars - 1. apríl		<b>Páskafrí</b>	
14	2. - 8. apríl	7	<b>Páskafrí til og með 3. apríl.</b> Félagsmótun og áhrif foreldra	
15	9 - 15. apríl	8	Geðtengsl	Verkefni 10 - skila 15. apríl
16	16. -22. apríl	8	Geðtengsl	Verkefni 11 - skila 22. apríl
17	23. - 29. apríl	9	Geðraskanir/þroskahömlun	Verkefni 12 - skila 29. apríl


### Námsmat og vægi námsþátta:

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	<b>Áfangaheiti (SÁLF2SP05) fjarnám</b> <b>Námsáætlun (Vorönn 2018)</b>
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Síða 3 af 3		

<b>Matsform:</b>	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
<b>Námsmatsþættir</b>	<b>Lýsing námsmatsþátta</b>		<b>Vægi</b>
Vikuleg verkefni	Vikuleg verkefnaskil. Nemandi vinnur vikuleg smáverkefni sem gilda 5% hvert. Þau eru af ýmsu tagi, praxisverkefni, Innuverkefni eða önnur skrifleg verkefni. Verkefnin eru birt viku fyrir skiladag og hafa nemendur viku til þess að vinna að hverju þeirra.		60%
Lokapróf	Lokapróf úr öllu efni áfangans.		40%
	<b>Samtals:</b>		<b>100%</b>
<p><b>Annað:</b> Nemandi skal standast skil á öllum námsmatsþáttum til þess að fá lokaeinkunn í áfanganum. Námsvefur Innu verður nýttur til þess að halda utan um kennslugögn, einkunnir, verkefnalýsingar og annað sem viðkemur áfanganum. Þá þarf nemandi að ná 4 í einkunn á lokaprófi til þess að verkefni gildi til einkunnar.</p>			

Áætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning: 18. jan 2018

  
Undirritun kennara

  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

